

Lagabreytingatillögur stjórnar

25. Skautaping ÍSS 2024



Lagabreytingatillögur stjórnar ÍSS

Stjórn ÍSS leggur hér fram tillögur sínar að lagabreytingum sem teljast nauðsynlegar og til framþróunar á skautaiþróttum á Íslandi.

5. grein: Valdsvið og fulltrúar

Tillaga að breytingu á hvernig félög skila inn iðkendalistum til ÍSS.

Hingað til hafa félög þurft að skila inn listum á excel formi en lagt er til að notast sé við starfsskýrslu sem öll félög skila til ÍSÍ ár hvert. Þessi breyting mun minnka vinnuálag sem og standast kröfur um persónuvernd.

5. grein: Valdsvið og fulltrúar

Tillaga um að bætt verði við málsgrein um að aðildarfélög eigi í hætti á að missa rétt á þingsetu og/eða atkvæðisrétt sinn hafi þau ekki greitt aðildar og/eða iðkendagjald.

II. Kafli Skautapíng

5. grein

Valdsvið og fulltrúar

Skautapíng fer með æðsta vald í málefnum ÍSS.

Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttafélögum sem mynda ÍSS.

Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags fer eftir tölu ~~virkra~~ iðkenda samkvæmt starfsskýrslum til ÍSÍ síðasta árs skautaíþróttar sbr. 2. grein. ~~Virkir iðkendur teljast þeir sem greidd voru iðkendagjöld fyrir á almanaksárinu fyrir þing. Hver iðkandi telst aðeins einu sinni á almanaksárinu samkvæmt nafnalistum:~~

1. Fyrir fyrstu 50 iðkendur koma 2 fulltrúar.
2. Síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 eða brot úr 50.
3. Fjöldi fulltrúa takmarkast þó við að ekkert aðildarfélag geti haft meira en 49% fulltrúa.

Hafi aðildarfélag ekki greitt aðildargjald til ÍSS á það í hættu á að missa rétt á þingsetu. Hafi aðildarfélag ekki greitt iðkendagjöld á það í hættu á að missa atkvæðisrétt sinn á Skautapíngi.

Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur innan sinna vébanda félög er iðka, æfa og keppa í skautaíþróttum sbr. 1. gr, skal þó eiga rétt á a.m.k. einum áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á sérsambandsþingi til viðbótar við fulltrúa aðildarfélaga innan viðkomandi héraðssambands/-íþróttabandalags.

Á skautapíngi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt. Hver fulltrúi með atkvæðisrétt hefur eitt atkvæði.

Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

1. Stjórn ÍSS, varastjórn og skoðunarmenn ársuppgjörs.
2. Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
3. Fastráðnir starfsmenn ÍSS og ÍSÍ.
4. Nefndarmenn ÍSS.
5. Forseti ÍSÍ.

Ef ástæða þykir getur stjórn ÍSS boðið öðrum aðilum þingsetu.